



112. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 20. apríl 2010 í Stykkishólmi

Mætt: Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Þorleifur Eiríksson og Magnús A. Sigurðsson.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 110. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Umsókn um byggingu húss í Garpsdalsey

Eigendur Garpsdalseyjar óska eftir því að Breiðafjarðarnefnd endurskoði álit sitt á umsókn um byggingu húss í eyjunni.

Afgreiðsla:

Vegna viðkvæms dýralífs í eyjunni telur nefndin að bygging neyðarskýlis í stað sumarhúss þjóni þeim tilgangi sem nauðsynlegur er vegna nytja eyjarinnar.

Viðbótarupplýsingar vegna umsóknar Íslenskrar gæða bláskeljar ehf um kræklingarækt í mynni Hvammsfjarðar

Farið yfir innsendar viðbótarupplýsingar frá Íslenskri gæða bláskel.

Afgreiðsla:

Erindið var lagt fram og rætt.

Umsókn vegna framkvæmda í Rauðseyjum á Breiðafirði

Óskað er eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar vegna framkvæmda í Rauðseyjum á Breiðafirði.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á sumarhúsi í Rauðseyjum.

Umsögn vegna deiliskipulags í Flatey

Óskað er eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar á deiliskipulagstillögu að smábátahöfn við Innstapoll í Flatey á Breiðafirði.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir við framlagða deiliskipulagstillögu við Innstapoll í Flatey, sbr. fyrri umsagnir.



Önnur mál

Upplýsingaskilti við ferjuhafnir á Breiðafirði

Bréf Stykkishólmsbæjar varðandi umsókn um uppsetningu hafnarskiltis var lagt fram til kynningar.

Fundi var slitið kl. 13:20. Næsti fundur verður haldinn 18. maí 2010.